

---

# Áskorun og ævintýri: Útinám & fjölnota garður

---



## Lokaskýrsla 2013 - 2014

**Leikskólinn Tjarnarsel**  
Tjarnargötu 19, 230 Reykjanesbæ

<http://www.tjarnarsel.is> Leikskólinn Tjarnarsel

Nafn skóla: Leikskólinn Tjarnarsel

Nafn verkefnis: Áskorun og ævintýri: Útinám & fjölnotagarður

Nafn verkefnisstjóra: Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri, George Hollander og Sarka Mrnakova frá SAGE gardens sf.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-119. 2013-2014

## Upplýsingar um skólann

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar og tók til starfa 1967. Í leikskólanum eru 82 börn á fjórum aldurskiptum deildum. Starfsmannahópur Tjarnarsels býr að áralangri reynslu við að þróa og reyna nýjar starfs- og kennsluaðferðir. Mörg þessara skólaþróunarverkefna hafa fengið styrki til dæmis úr Sprotasjóði leik- grunn- og framhaldsskóla, Þróunarsjóði námsgagna og Manngildissjóði Reykjanesbæjar.

Áherslupættir leikskólans *vettvangsferðir*, *umhverfismennt*, *útinám* og *mál og læsi* byggja á þróunarverkefnum síðari ára. Verkefnið *Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans* var unnið á árunum 1997 til 1999 og samfara því var gefin út *Handbók um vettvangsferðir*, árið 2002. Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefni Landverndar, *Skóli á grænni grein* og fengið grænfánann í fjórgang, fyrst árið 2007 og síðast 2013. Á árunum 2008 til 2010 tók Tjarnarsel ásamt fimm öðrum skólum þátt í rannsóknar- og þróunarverkefninu *GETA – til sjálfbærni, menntun til aðgerða*, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar. Í kjölfarið var farið í þróunarverkefnið *Lýðræðisþátttaka barna í sínu nær samfélagi*. Leikskólinn gaf út handbókina *Orðaspjall: að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*, árið 2013. Bókin byggir á þróunarverkefninu *Bók í hönd og þér halda engin bönd* sem var unnið á árunum 2009 til 2013. Samhliða þessum verkefnum var ný aðalnámskrá leikskóla innleidd og leit skólanámskrá Tjarnarsels dagsins ljós haustið 2014, ásamt sex þemaheftum um grunnþætti menntunar.

## Skýrsla um verkefnið Áskorun og ævintýri: Útinám & fjölnotagarður

Þróunarverkefnið Áskorun og ævintýri: Útinám & fjölnotagarður var unnið í samvinnu barna, foreldra, kennara/starfsfólk Tjarnarsels, fræðsluvið, umhverfis- og skipulagssviða Reykjanesbæjar og fyrirtækja í nærsamfélagi leikskólans. Verkefninu stýrðu ásamt stjórnendum leikskólans George Hollander og Sarka Mrnakova frá fyrirtækinu SAGE garden sf. ([www.thesagegarden.com](http://www.thesagegarden.com)) sem sérhæfðu sig meðal annars í að endurbæta útisvæði leik- og grunnskóla í samvinnu við skólasamfélög.

## Markmið verkefnisins

Meginmarkmið þróunarverkefnisins var annars vegar að umbylta og þróa náttúrulegt útisvæði leikskólans og nota til þess sem mest af endurnýtanlegum og náttúrulegum

efnivið, með sjálfbærni að leiðarljósi. Hins vegar að innleiða starfsaðferðir sem byggja á grunnþáttum menntunar s.s. lýðræði og jafnræði, sköpun og sjálfbærni.

### Undirmarkmiðin voru

- Að breyta útileiksvæði Tjarnarsels og skapa öruggt, náttúrulegt umhverfi sem byggir á áskorun og ævintýrum og hvetur öll börn til leiks, rannsókna, sköpunar og að efla gróf- og fínhyfingar.
- Að innleiða starfsaðferðir, í samráði við fyrirtækið SAGE garden sf. sem byggir á virkri þátttöku barna, kennara, foreldra og bæjarstofnana með lýðræði og jafnrétti að leiðarljósi.
- Að leggja áherslu á sjálfbærni til menntunar með því að gera börnum, kennurum og foreldrum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis-, félagslegra- og efnahagsþátta og nota svæðisbundin endurvinnanleg hráefni og þjónustu.
- Að útfæra matsaðferðir til að meta útileiki og útnám barna í leikskólanum.
- Að meta hvaða áhrif það hefur á leik og nám barna þegar útileiksvæði er breytt með þátttöku þeirra.

### Leiðir að markmiðum

Kveikjan að þróunarverkefninu *Áskorun og ævintýri* er, að elstu börnin í leikskólanum komu haustið 2012, til leikskólastjórans, eftir eina vettvangsferðina sína um bæjarfélagið, með óskir um breytingar á sandkassa á útileiksvæði skólans. Vel var tekið í hugmyndina og fékkst leyfi fyrir framkvæmdunum í fjárhagsáætlun ársins 2013. Hugmyndir barnanna fóru vel saman við hugmyndir kennara leikskólans, sem höfðu verið að skoða hvort og þá hvernig væri hægt að ráðast í breytingar á svæðinu, án mikils kostnaðar.

Leiðirnar sem farnar voru til að ná markmiðum þróunarverkefnisins voru tvíþættar. Annars vegar voru innleiddar starfsaðferðir, í samráði við fyrirtækið SAGE garden sf. sem byggir á virkri þátttöku barna, kennara, foreldra, með lýðræði og jafnrétti að leiðarljósi. Hins vegar var *starfendarannsókn* (e. *action research*) fyrir valinu til að skoða hvort og hvernig breytingar á útileiksvæðinu hefðu áhrif á útinám og leiki leikskólabarna og aðkomu kennara/starfsfólks, foreldra og barna að þróunarverkefninu.

### Aðferðarfræði byggð á lýðræðisþátttöku


Í þróunarverkefninu var rík áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og jafnræði gætt innan þátttakendahópsins, foreldrar, börn og kennarar/starfsfólk, voru hvattir til að taka þátt í hugmyndavinnunni og við framkvæmdirnar á útileiksvæðinu. Allir

Þátttakendurnir fengu tækifæri til að koma á framfæri, sjónarmiðum og hugmyndum sínum varðandi útileiksvæðið. Lögð var áhersla að virkja börnin til að hafa áhrif á náms- og starfsumhverfi sitt. Þau voru hvött til að setja fram óskir sínar um *drauma útileiksvæði* sitt sem foreldrar og í sumum tilfellum systkini, aðstoðuðu þau við að útfæra. Sömuleiðis voru foreldrar og kennarar/starfsfólk leikskólans hvattir til að hafa áhrif á breytingarnar á útileiksvæðinu.

### Starfendarannsókn

Starfendarannsókn er skilgreind sem einn angi af tilviksrannsókn þar sem kennarar skoða ákveðin tilvik á eigin vinnustað. Aðferðin var valin vegna grundvallar-hugmyndafræði rannsóknaraðferðarinnar sem er talin byggja á lýðræðislegri hugsun. Aðferðin á rætur sínar að rekja til kenninga fræðimanna sem voru uppi á fyrri hluta tuttugustu aldar, eins og John Dewey en það voru Alice Miel og Stephen Corey sem tengdu rannsóknaraðferðina við skólaþróun.

Starfendarannsóknir er hægt að líkja við hring- eða spíralferli þar sem þátttakendur eru hvatar og áhrifavaldar í ferlinu (Schmuck, 2006, bls. 143–155; Inga María Ingvarsdóttir, 2007, bls 37-39):



A. *Skipulag og undirbúningur.* Ákvörðun tekin um að breyta útileiksvæði barna. Ný vinnubrögð skipulögð.

B. *Framkvæmd.* Unnið eftir skipulagi og ný aðferð innleidd með lýðræði, jafnræði, sköpun og sjálfbærni að leiðarljósi.

C. *Gagnaöflunin.* Allt ferlið skráð svo hægt væri að meta starfið og kynna.

D. *Ígrundun og mat.* Verkferlar, framkvæmdir voru ígrundaðar og metnar með jöfnum höndum á verktímabilinu.

E. *Kynning.* Verkefnið kynnt svo aðrir geti nýtt sér þekkingu og lærdóm þess.

### **Skipulag og undirbúningar**

Undirbúningurinn sem hófst veturinn 2012, gekk vel. Fyrsta skrefið var að fá leyfi bæjaryfirvalda til að fara í fyrirhugaðar framkvæmdir á útileiksvæði leikskólans. Verkefnastjórar voru með kynningarfund fyrir sviðsstjóra umhverfissviðs, leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar og stjórn foreldraráðs og foreldrafélags Tjarnarsels. Farið var yfir hugsanlegar breytingar á svæðinu og hvernig þær samræmdust vottuðum öryggisstöðlum sem bæjarfélagið þarf að fylgja eftir, hvað útileiksvæði barna varðar. Allir ofangreindir aðilar gáfu samþykki sitt og tilheyrandi leyfi voru fengin til að fara í breytingarnar á svæðinu.

### **Veturinn 2012 - 2013: Jarðvegurinn undirbúinn.**

Starfsmannahópurinn sem voru lykilaðilar verkefnisins, fengu kynningu á frumhugmyndinni, veturinn 2012 og 2013. Verkefnastjórar nýttu skipulagsdag leikskólans með hópnum til að fara yfir verkferla komandi vikna og mánuði og að skipulegga aðkomu foreldra, barna og kennara/starfsfólks að hugmynda- og framkvæmdavinnunni. Hópurinn fékk m.a. það skemmtilega verkefni að leiða hugann aftur til eigin barnæsku og minnst, *hvar þeim fannst skemmtilegast að leika sér sem barn* og vinna áfram með þær hugmyndir. Niðurstöðurnar komu ekki á óvart því að flestir í hópnum minntust þess að finnast skemmtilegt að leika sér þar sem þeir höfðu aðgang að vatni, mold og gátu klifrað.

### **Fundað með foreldrum, vorið 2013**

Seinnipartinn í apríl voru foreldrar boðaðir á kvöldfund þar sem verkefnastjórar kynntu m.a. þróunarverkefnið, fyrirhugaða hugmyndasmiðju í sal leikskólans og tækifæri þeirra til að koma að framkvæmdunum sjálfum. Á fundinum fengu foreldrar

sömu spurningu til glíma við og starfsmannahópurinn, hvar *fannst þér skemmtilegast að leika þér þegar þú varst barn?* Svipaðar niðurstöður komu fram hjá báðum hópunum.

Foreldrar fengu tækifæri til að bregðast við og ákveða hvort og með hvaða hætti þeir vildu koma að verkefninu. Í samráði við þá voru tvær vinnuhelgar ákveðnar, síðasti laugardagurinn í maí og fyrsti laugardagurinn í júní. Þeir foreldrar sem vildu eða höfðu tök á að koma að framkvæmdunum skráðu sig á þar til gerðan lista. Áður en kom að þeirri vinnu gafst foreldrum tækifæri til að koma að hugmyndavinnunni sjálfri. Nánari upplýsingar um það hér að neðan.

### Starfsmannahópurinn lagði land undir fót

Um mánaðamótin maí og júní fór starfsfólk Tjarnarsels í kynnisferð til Amsterdam og nærliggjandi byggð, til að kynna sér náttúruleg almennings- og skólaútileiksvæði og til að ræða við þarlent fagfólk um gerð þeirra. Hollandsferðin var skipulögð af Gegorge í samráði við Springzaad samtökin í Amsterdam ([www.springsaad.nl](http://www.springsaad.nl)). Einnig sá hann um leiðsögn í ferðinni sem var styrkt af stéttarfélögum kennara/starfsfólksins.

Í kjölfar ferðarinnar var fésbókarsíða Tjarnarsels opnuð (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.). Þar gátu foreldrar fylgst með ferðalagi starfsmannahópsins til Hollands. Síðar meir var hægt að fylgjast með framvindu verkefnisins á síðunni. Vefstjóri leikskólans sá um að koma daglegum upplýsingum í máli og myndum á hana.

### Hugmynda- og vinnusmiðja

Í maí var sett upp hugmynda- og vinnusmiðja fyrir börn og foreldra, í sal leikskólans, með fjölbreyttum efnivið, til að útfæra hugmyndir sínar af útisvæðinu.



### Aðkoma foreldra og barna.

Tveir elstu árgangar Tjarnarsels tóku þátt í hugmynda- og vinnusmiðjunni. Börnin, með aðstoð foreldra og jafnvel systkina sinna, hönnuðu saman draumaútileiksvæði með teikningum og módelum sem þau útfærðu með fjölbreyttum efniviði, eins og

sandi, grjóti, hríslum, garni, lími, efnisbútum, könglum o.s.frv. Foreldrar skráðu á sérstakt form hugmyndir barnanna um draumaleiksvæðið sitt. Í lokin voru ljósmyndir teknar af öllum módelunum sem voru auðkennd með tölustöfum (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).

### **Aðkoma starfsfólks**

Kennarar/starfsfólk hveirrar deildar leikskólans, útfærði og kom með tillögur af drauma-útileiksvæði sínu. Til að koma hugmyndum sínum á framfæri nýttu deildirnar sér þær fjölda ljósmynda af náttúrulegum útisvæðum, sem teknar voru í Hollandsferðinni. Auk þess leituðu þeir fanga á netmiðlum. Síðan voru hugmyndirnar settar upp á töflu með útskýringum.

### **Unnið úr hugmyndunum**

Verkefnastjórar unnu úr hugmyndum og óskum þátttakenda og þær skoðaðar út frá alþjóðlegum öryggisstöðlum fyrir útileiksvæði barna og hvernig þær samræmdust nýrri aðalnámskrá leikskóla, hvað varðar grunnþátt menntunar í leik og námi barna. Teikningar með tillögum af útileiksvæðinu voru settar upp á nokkrum stöðum í leikskólanum, til að gefa þátttakendum möguleika á að koma með athugasemdir. Síðan var loka teikning gerð af svæðinu sem höfð var til hliðsjónar þegar kom að framkvæmdunum sjálfum.

### **Framkvæmdin – breytingar á útileiksvæðinu**

Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi í þróunarverkefninu og áhersla lögð á að nota endurnýtanlegt hráefni og svæðisbundna þjónustu. Leitað var til ýmissa fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins: Björn Guðbjörnsson einn eigandi Plastgerðinnar gaf plastkassa sem voru notaðir við hugmyndavinnuna og færði okkur tugi vörubretta sem voru mikið notuð á svæðinu. Birgir Axelsson og starfsmenn hans hjá Garðsteinum mættu með hellusög fyrirtækisins til að saga hellur, sem rifnar voru upp á svæðinu og nýttar m.a til að hlaða upp í vatnsbrunninn og vermireiti. Ragnar Eiríkssonar frá Rekunni bauð fram gröfu ásamt gröfustjóra til jarðvegsvinnu. Einnig lánaði fyrirtækið leikskólanum „Bobcat -gröfu“. Með leyfi Ragnars var foreldri í leikskólanum með vinnuvéla réttindi, treyst til að vinna jarðvegstilfærslu á tækinu. Einar Jónsson verktaki lánaði steypuhrærivél til að hræra steypu m.a. til að styrkja undirstöður á útileiksvæðinu. Tómas Knútsson hjá Bláa hernum, afi eins barnsins í leikskólanum, útvegaði rekaviðardrumba og lagði til bíl og kerru til að ná í þá og fékk til þess dygga aðstoð starfsmanna Þjónustumiðstöðvar Reykjanesbæjar. Garðeigandi



einn í Reykjavík, færði leikskólanum fjöldann allan af aspar-trjádrumbum sem voru nýttir m.a. sem umgjörð um sandkassann. Einnig fékkst ómetanleg aðstoð Bjarna Karlssonar forstöðumanns fyrrnefndrar stofnunar og hans starfsmanna, sem m.a. útveguðu allan jarðveg sem þurfti til verkefnisins. Foreldrar og verkefnastjórar bættu um betur og komu með ýmis verkfæri til að nota við framkvæmdirnar á útisvæðinu. Allir þessir aðilar voru boðnir og búnir að leggja verkefninu lið þegar til þeirra var leitað. (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).

### Margar hendur vinna létt verk

Þátttakan við verkefnið *Áskorun og ævintýri* fór fram úr björtustu vonum og sýnir að ævintýrin gerast þegar fólkið í nærsamfélaginu tekur höndum saman.

Framkvæmdirnar á útileiksvæðinu fóru fram, eins og getið var hér á undan, síðasta laugardaginn í maí og fyrsta laugardaginn í júní, árið 2013. Foreldrar sem höfðu áhuga eða tók á að koma að framkvæmdunum skráðu sig á þar til gerðan lista.

Vinnuframlagið gat verið við útiverkin eða eldhúsverkin. Tugir sjálboðaliða tóku þátt í framkvæmdunum á útileiksvæðinu sem George og Sarka stýrðu. Fyrri vinnudaginn komu um 70 manns, foreldrar, börn og kennarar og þann seinni komu ca. 60 – 70 manns. Jafnframt mættu nokkrir foreldrar báða dagana. Unnið var frá kl. 10.00 til 16:00 og fólk var að koma og fara á misjöfnum tíma.

Þar sem lítið var til af verkfærum í leikskólanum voru foreldrar beðnir um að koma með, ef þeir ættu í fórum sínum, hamar, sög, borvél og stingsög. Önnur tæki og tól, eins og skóflur, hjólbörur, kústa, sleggjur o.s.frv. komu frá Þjónustumiðstöðinni.

Útileiksvæðið tók verulegum stakkaskiptum eftir vinnudagana. Þegar börnin mættu í leikskólann á mánudeginum þutu þau út á hraða ljóssins til að bera augum þær breytingar sem urðu á útisvæðinu og mátti sjá gleðina ljóma úr hverju andliti.

Engin þurfti að fara svangur heim eftir vinnudagana þar sem boðið var upp á matarmikla kjúklingasúpu og brauð í hádeginu sem sjálfbóðaliðarnir sáu um að elda undir stjórn matráða leikskólans. Síðan var boðið upp á góðgæti í síðdegis-hressingunni. Auk þess var standandi kaffi, vatn og heimabakaðar smákökur, eins og börn og fullorðnir gátu í sig látið, á boðstólnum yfir daginn.

Það sem eftir lifði sumars voru foreldrar að færa leikskólanum, úr gördum sínum, ýmsar plöntur s.s. rababara, fjölærar plöntur, trjágræðlinga o.fl. Leikskólinn fjárfesti í

runna, birki- og jarðaberjaplöntum, kryddjurtum, grænmeti, sumarblómum o.fl. Kennarar og börn hjálpuðust við að gróðursetja í beð og vermireiti á útisvæðinu upptalinn gróður ásamt plöntum, og blómum sem þau höfðu forræktað í leikskólanum.

Þar sem ekki náðist að fullklára framkvæmdirnar sumarið 2013, var haldið áfram einn eftirmiðdag í júní, árið 2014, þar sem frá var horfið. Ekki stóð á sjálfboðaliðum þann dag frekar en árið á undan (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).



## Gagnaöflun

Til að halda utan um verkefnið var gagnaöflunin margþætt.

1. *Skráningar - fundargerðir.* Til að halda utan um verkefnið var myndaður stýrihópur með kennurum/starfsfólki frá öllum deildum.
  - a. Fundaritarar, verkefnastjórar og stýrihópastjórar, skráðu umræður og niðurstöður.
2. *Ljósmyndir.* Markviss ljósmyndaskráning fór fram í vinnuferlinu, hugmynda- og vinnusmiðjunni, framkvæmdaferlinu sem og af börnunum í leik fyrir og eftir breytingar á útileiksvæðinu. Auk þess var stuðst við eldri ljósmyndir af börnum í leik á útileiksvæðinu til að meta hvort leikur barna hafi breyst við þær. Til að auðvelda matið voru myndirnar flokkaðar upp í nokkur svæði og eftir tímabilum.
3. *Fésbókarsíða (e. facebook).* Tilgangur opunar fésbókarsíðu var að gefa foreldrum sem og öðrum möguleika á að fylgjast með framvindu verkefnisins. Jafnframt nýttust færslur inn á síðuna sem einskonar dagbókarfærslur við gerð skýrslunnar.
  - a. Útbúin var lokuð fésbókarsíða sem starfmannahópurinn hafði eingöngu aðgang að. Þar gátu þeir deilt með hinum í hópnum hugmyndum um verkefnið. Kennarar voru misvirkir við að setja efni á síðuna en margir skoðuðu og settu athugasemdir við það sem sett var inn.
4. *Skráðar heimildir.* Vel var haldið utan um öll gögn verkefnisins svo sem fréttabréf sem voru þrjú, auglýsingar þar sem foreldrar, börn og kennarar voru hvattir til þátttöku og teikningar af útileiksvæðinu. Einnig voru upplýsingar sem koma fram í starfsáætlunum, skóladagatölum, skólanámskrá og þemaheftum leikskólans nýttar.

5. *Kannanir*. Lagðar voru fyrir netkannanir á ýmsum þáttum verkefnisins bæði til foreldra og kennara/starfsfólks.

### Helstu hindranir á tímabilinu

Þegar farið var af stað með þróunarverkefnið varð umfang þess ívið viðameira en áætlað var í fyrstu. Áherslur verkefnisins á fjóra af sex grunnþáttum menntunar, lýðræði, jafnræði, sjálfbærni og sköpun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) kallaði á breytta starfs- og kennsluhætti. Í kjölfar endurmatsins fléttast þessir þættir mun meira inn í daglegar athafnir, leik og nám í leikskólanum.

Tíma-, aðstöðu- og peningaleysi var til þess að minni tími gafst til ígrundunar, eins og vilji stóð til, hjá kennarahópnum. Það reyndist erfitt að skapa aðstæður á starfstíma leikskólans til faglegrar ígrundunar og stjórnsýslan gefur lítið svigrúm til yfirvinnu. Með góðri skipulagningu og sveigjanleika sem einkennir kennarahóp Tjarnarsels, gátu fámennir hópar setið ör-fundi milli annna daglegs starfs (hálf tíma til þriggja kortera fundir) og skipulagt starfið í samræmi við starfsáætlun verkefnisins. Allir starfsmannafundir og skipulagsdagar leikskólans voru notaðir til að fara yfir verkþætti og framvindu verkefnisins.

### Helsti ávinningur

Þróunarverkefnið skilur eftir sig ákveðna verkþekkingu sem byggir á grunnþáttum menntunar, eins og lýðræði, jafnræði, sköpun og sjálfbærni. Sá lýðræðislegi háttur sem hafður var á við sköpun svæðisins skilaði sér í gríðarlegum áhuga foreldra og aðstandenda leikskólans, sem gerði það að verkum að margir komu að framkvæmdinni. Þannig var hægt að vinna fljótt og vel, auk þess að halda kostnaði í lágmarki. Verkefnið byggir m.a. á því að foreldrar og börn séu virkir gerendur en ekki einungis þiggjendur. Góð samvinna og samkennd einkenndi allt verkferlið sem hefur styrkt foreldrarsamstarfið í leikskólanum og eflt tengslin við foreldrana.

### Kynning

Verkefnið hefur vakið töluverða athygli og hafa leik- og grunnskólakennarar komið til að kynna sér og skoða svæðið og við segjum stolt frá því hvernig það kom til. Stjórnendum leikskólans bauðst að vera með kynningu, á málþinginu *Nám og kennsla í náttúrufræðigreinum á 21. öldinni*, sem Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, efndi til 5. júní árið 2013. Einnig var verkefnið kynnt á ráðstefnu á vegum Landverndar, haldin í Kaldalóni í

Hörpu 11. október 2013, yfirskrift hennar var *Byggjum á grænum grunni - ráðstefna þátttakenda Skóla á grænni grein*. Erindið fjallaði um starfsaðferðirnar sem leikskólinn notaði til umbreyta hefðbundnu útileiksvæði í náttúrulegt leiksvæði fyrir börn.

Þá birtist pistill í ritinu *Uppeldi og menntun* eftir skýrsluhöfund, árið 2013, sem kallast *Sjálfbærnimenntun í leikskóla*. Greininn fjallar um ritið Sjálfbærni eftir Sigrúnu Helgadóttur, sem er hluti af ritróðinni um grunnþættina sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2013. Í umfjölluninni var komið með dæmi úr þróunarverkefninu *Áskorun og ævintýri* um það hvernig tengja má sjálfbærni inn í skólalastarið (Inga María Ingvarsdóttir, 2013).

Á málþingi um náttúrufræðimenntun, á vegum Rannsóknarstofu náttúrufræðimenntunnar (RAUN) við Menntavísindasvið HÍ, sem verður haldin 17.-18. Apríl næst komandi, höfum við óskað eftir því að vera með erindi sem við köllum „...nú - það urðu allir svo skapandi“: *Náttúrulegt útileiksvæði styður skapandi leik barna*.

Einnig má geta þess að verkefnið hlaut, árið 2013, tilnefningu til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla

## Niðurstöður og mat

Meginmarkmið þróunarverkefnisins var að breyta útileiksvæðinu, gera það náttúrulegra og að innleiða aðferðarfræði sem byggir á virkri þátttöku barna, kennara/starfsfólks, foreldra í leikskólanum í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki bæjarins, með sjálfbærni, lýðræði og jafnræði að leiðarljósi.

Matið á þróunarverkefninu skiptist í þrjú hluta; þátttaka foreldra, barna og kennara/starfsfólks að hugmynda- og vinnusmiðjunum, aðkoma þátttakenda og nærsamfélagsins að framkvæmdunum á útisvæðinu og mat á leik barna við breytingar.

Kennarar/starfsfólk nýttu sér myndasafn, fundargerðir og kannanir til að rýna í og meta ofangreinda þætti verkefnisins. Matið fór fram í umræðuhópum og þar voru verkferlar og framkvæmdir ígrundaðar jöfnum höndum á verktímabilinu.

## Nýjar starfsaðferðir innleiddar

Í samráði við fyrirtækið SAGE garden sf. voru innleiddar starfsaðferðir sem byggja á lýðræði, jafnræði og sjálfbærni. Lögð var áhersla á að skapa farveg fyrir foreldra, börn og starfsfólk, til að kom sjónarmiðum og hugmyndum sínum á framfæri um

breytingarnar á útileiksvæði leikskólans. Einnig voru lykilstofnanir og fyrirtæki í bæjarfélaginu þátttakendur að verkefninu.

Lögð var áhersla á að virkja börnin til að hafa sem mest áhrif á náms- og starfsumhverfi sitt á útisvæðinu. Þau voru hvött til að setja fram óskir sínar, hvernig „drauma útileiksvæði“ ætti að líta út s.s. með teikningum og módelum eins og kom fram hér á undan. Sömuleiðis voru foreldrar og kennarar/starfsfólk leikskólans hvött til að koma fram með hugmyndir sínar. Mikið magn af hugmyndum lágu fyrir eftir þessa miklu forvinnu sem tók tíma að greina og flokka.

Verkefnastjórnarnir lögðu fram tvær teikningar af nýju útisvæði sem fengu nokkurra daga kynningu í leikskólanum og á fésbókarsíðu hans. Foreldrar, börn og kennarar/starfsfólk Tjarnarsels gátu komið með athugasemdir og fengu tækifæri til að koma að framkvæmdunum sjálfum. Í lokin voru hugmyndir og niðurstöður dregnar saman og ákvörðun tekin um framkvæmdina. (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).

### **Svæðisbundin og endurvinnanleg hráefni**

Eitt af markmiðum verkefnisins var að nota svæðisbundin og endurvinnanleg hráefni, sem var og gert og halda kostnaðinum í lágmarki. Til uppbyggingar á svæðinu var svo til eingöngu notast við endurvinnanleg hráefni eins og vörubretti, rekavið, trjádumba og ýmis konar jarðvegsefni. Jafnframt var allt það efni, eins og uppgröftur á útileiksvæðinu s.s. sandur, mold og hellur og fleira nýtt á útisvæðinu. Beinn kostnaður við framkvæmdirnar á útileiksvæðinu var hafður í lágmarki og eingöngu keypt það sem ekki var hægt að nálgast með öðrum hætti, eins og sement, mótatimbur, naglar og skrúfur. Einnig var hægt að halda kostnaðinum niðri vegna fjölda sjálfbóðaliða sem lögðu hönd á plóginn við uppbyggingu svæðisins.

### **Hvernig tókst til að virkja og vekja áhuga nærsamfélagsins?**

Einn af lykilþáttum þróunarverkefnisins var að virkja og auka samstarfið við fólkið í nærsamfélagi leikskólans, börn, foreldra, kennara/starfsfólks og hinar ýmsu bæjarstofnanir og fyrirtækja bæjarfélagsins. Fjöldi þátttakenda og viðtökur stofnananna og fyrirtækjanna sýna hversu vel tókst til að virkja og vekja áhuga á verkefninu, sem fór fram úr björtustu vonum okkar sem starfa við leikskólann. Einnig má draga þá ályktun að jákvæð aðkoma fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins að verkefninu, sýni að þegar málefnið er gott eru flestir boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum. Þegar leitað var til fyrrnefndra aðila stóð aldrei á þeim að koma, eins og hægt var, á móts við óskir leikskólans.

Okkur telst til að ca. 140 manns, börn, foreldrar, systkini og kennarar/starfsfólk, hafi lagt sitt lóð á vogarskálina með þátttöku sinni, laugardagana sem framkvæmdirnar fóru fram á vellinum. Flestir foreldrar barna á elstu deildinni tók þátt í hugmynda- og vinnusmiðjunni, sem og við framkvæmdirnar. Þátttakan minnkaði eftir því sem aldur barna lækkaði og fæstir foreldrar komu af yngstu deildinni.

Auk þess má ráða af svörum ansi margra kennara/starfsmanna, þegar þeir voru spurðir; *Hvað fannst þér standa upp úr varðandi verkefnið Áskorun og ævintýri?* Þá var það gleðin og ánægjan sem ríkti á meðal þátttakenda og samvinnan og samkenndin sem einkenndi allt þróunarferlið. (Tjarnarsel, e.d.)

### **Að útfæra matsaðferðir til að meta útileiki og útinám barna í leikskólanum.**

Einn hluti verkefnisins var að útfæra matsaðferðir til að meta útileiki og útinám leikskólabarna. Mikið magn af myndum voru teknar af börnunum í leik fyrir og eftir að framkvæmdir hófust á svæðinu. Myndasöfnin spanna tveggja ára tímabil, árin 2013 og 2014. Nokkrir leikskólakennarar höfðu yfirumsjón með myndatökunum. Einnig voru aðrir kennarar duglegir að hlaupa til og taka mynd þegar þeir sáu nýjungar í leik barnanna. Síðan tók einn kennari að sér að flokka myndirnar. Áður en kom að því var búið að flokka útisvæðið í sex leiksvæði (sjá fylgiskjal). Síðan voru myndirnar flokkaðar í tvær tölvumöppur, eftir fyrrnefndu flokkunarkerfi, með myndum sem teknar voru fyrir og eftir breytingar. (Tjarnarsel, .e.d.)

### **Viðhorfsbreytingar á útileikjum barna**

Kennarar/starfsfólk ígrunduðu hugmyndir sínar og viðhorf til útileikja barna með tilliti til breytinganna á útileiksvæðinu. Þessi hluti verkefnisins samræmist rannsóknarferli starfendarannsóknna, *skipulag og undirbúningur* mótaðist af nýjum vinnubrögðum við hugmyndavinnuna, *framkvæmdir á útileiksvæðinu* með lýðræði, jafnræði, sköpun og sjálfbærni að leiðarljósi, *gagnaöflunin* fór fram með aðstoð ljósmyndataækninnar og *ígrundun og viðhorfsmat* á útileikjum barna fór fram jöfnum höndum á rannsóknartímabilinu.

Afstaða kennara/starfsmanna til útileikja breyttist eftir því sem leið á þróunarferlið. Við breytingarnar þurftu kennarar að endurmeta viðhorf sitt, hvar áskorunin ætti að liggja og öryggis þyrfti að gæta á útisvæðinu. Eftir að hafa kynnt sér rannsóknir um slysatíðni, eftir gerð leiksvæða, tóku þeir upplýsta ákvörðun um hvert stefna skyldi.

Eftir breytingarnar segja kennarar/starfsfólk leik barnanna skemmtilegri, hugmyndaríkari og að reyni meira á líkamlegan og vitsmunalegan þroska barnanna. Þegar þátttaka barnanna við framkvæmdirnar á útisvæðinu var skoðuð og metin, kom í ljós hvað þau hafa gaman af því að leika sér með efniviðinn sem var notaður við breytingarnar. Í framhaldinu var ákveðið að bjóða þeim upp á álíka efnivið til útileikja, eins og spýtur, mótatimbur, hellusteina, stórgrýti og ýmisskonar jarðveg. Síðan hefur komið í ljós að þetta óhefðbundna leikefni hefur að mörgu leyti leyst af hólmi hefðbundin leikföng, eins og hjól, bolta og hjólbörur svo eitthvað sé nefnt. Einn kennarinn kom svo orði: *...Gaman að sjá þegar þau (börnin) breyta spýtunum í allt mögulegt t.d. vegasalt eða jafnvægisbrautir.* Annar sagði: *... ef maður skoðar ljósmyndirnar sést vel að sköpun í leik barnanna hefur aukist mjög mikið. Minna virðist hjólað og meira unnið með efnivið, eins og spýtur og hellur o.þ.h.*

Á breytingarferlinu jókst umburðarlyndi til vatnsleikja eins og „drullumalla- leikja” og skilningur að það kallaði á meiri þrif fyrir kennara/starfsfólk. Einnig hefur uppgötvunarnám og sköpun meira vægi í útileikjum barna. Hér er lýsing eins kennarans:

„Leikir barna hafa breyst mjög mikið og eru orðnir mun fjölbreyttari og breytast frá degi til dags. Einnig er efniviðurinn sem er á útisvæði, sem er færanlegur sífellt að taka breytingum og býður uppá fjölbreyttan leik. Þessi leikur höfðar til allra og er gaman að sjá hvað þetta breytta landslag á útisvæði er náttúrulegt og nýir leikir og uppgötvanir spretta fram á hverjum degi ...líkt og það svæði er sem börnin hafa aðgang að sem búa í sveit eða dreifbýli“.

Óhætt er að segja að viðhorf kennarar/starfsfólks á útileikjum barna hefur breyst. Þeir sýna meira umburðarlyndi og skilning á þörfum barnanna og getu, til að skapa og útfæra hugmyndir sínar. Börnin hafa meira svigrúm til gróf- og fínhreyfinga, án inngripa af hálfu kennara/starfsfólks, sem kallar á fjölbreyttar áskoranir en eru jafnfram vakandi fyrir hættum sem af þeim skapast. (Tjarnarsel, e.d.).

### Útileikur barna eftir breytingar

Vel er hægt að fanga leikgleði og ánægju barna með breytingarnar á útisvæði Tjarnarsels sem reyna enn frekar á fín- og grófhreyfingar og sköpun barna en fyrir breytingar. Nú eru steinar til að klifra á, hólar til að hlaupa niður af og skýli til að leita skjóls fyrir regni og vindum, rekaviðardrumbar til að æfa jafnvægi á, vermireitir með matjurtum til að smakka og moldarfjall til að hamast á. Síðast en ekki síst hafa börnin

óheftan aðgang að vörubrettum, mótatimbri, stórgrýti og gangstéttarhellum og fleira. Vermireitum hefur fjölgaði verulega og nú eru þeir staðsettur víðsvegar um leiksvæðið sem eykur möguleika þess að leyfa börnum að forrækta, gróðursetja og njóta uppskeru ýmissa jurta og grænmetis.

Á ljósmyndunum má sjá að nýtingin á útisvæðinu hefur breyst. Áður mátti sjá stóran hluta barnahópsins vera ofan í eða í kringum sandkassann og hjólandi á þar til gerðum hjólastígum. Nú dreifast þau mun betur um svæðið. Með breyttum áherslu á leikefni hefur sjálfsprottinn leikur barna breyst, eins og komið var inn á hér í kaflanum á undan. Kennari orðaði þetta þannig að *...þau (börnin) eru virkari að nota verðlausan efnivið og njóta sín betur á leiksvæðinu og oft þarf ekki að setja dót út fyrir þau t.d. skóflur og fötur.* (Tjarnarsel, e.d.).

### Hlutverk nýrrar aðalnámskrá

Samhliða þróunarverkefninu var innleiðing Aðalnámskrár leikskóla (2011) tekin föstum tókum. Kennarahópurinn komst að þeirri niðurstöðu að útinám sé vel til þess fallið að uppfylla alla sex grunnþætti til menntunar og þá sérstaklega sjálfbærni, lýðræði, jafnræði, sköpun og hreyfingu og vellíðan. Þróunarverkefnið gaf hópunum byr undir báða vængi og tiltrú um að vel skipulagt náttúrulegt útileiksvæði væri fyrirtaks leið til skapandi kennsluhátta í leikskóla. Niðurstöðurnar sýna að starfsaðferðirnar sem verkefnastjórnarnir George og Sarka frá SAGE garden sf. innleiddu með áherslu á lýðræði, jafnræði og sjálfbærni er bein tilvísun í aðalnámskrána.

### Hvert skal framhaldið verða á útileiksvæðinu

Járnið verður hamrað á meðan áhugi er til staðar hjá foreldrum, börnum og kennurum/starfsfólki að koma að nýframkvæmdum og viðhaldi á útileiksvæðinu. Ekki tókst ljúka við öll verkefni sem koma fram á teikningunni af svæðinu (Tjarnarsel, e.d.). Þannig að á komandi vorönn í samstarfi við foreldra, börn og starfsfólk, stefnum við á að halda áfram með nýframkvæmdir, tilfallandi vörvinnu og viðhald. Það verður lögð áhersla á að klára vatnsbrunninn og útbúa vatnstjörn í sandkassanum. Það verður leitað til sérfræðinga til að ljúka við brunninn og vatnsleiðslur að honum.

Þegar að kennarar/starfsfólk var spurt hvernig þeir vildu, í nánustu framtíð, sjá framhaldið verða á útileiksvæðinu, má draga niðurstöðurnar saman með orðum eins kennarans, sem sagði: *Við getum vonandi seint sagt að þetta flotta verkefni sé „búið“*



*en með tilkomu frjórra kennara/starfsfólks og hugmyndaþrjú barna er þetta verkefni, ...í sífelldri þróun.*

Til að halda áfram að þróa nám barna á útileiksvæði leikskólans fengum við styrk, árið 2014 úr Sprotasjóði, í þróunarverkefnið sem fékk heitið **Garðurinn okkar og hringrás náttúrunnar: Kennsla og nám á útileiksvæði leikskóla, að þróa verklega kennsluhætti í útinámi á útileiksvæði leikskólans með hliðsjón af námssviðum aðalnámskrárinnar.**

### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Með styrkveitingu úr Sprotasjóði gafst möguleiki að leita til fagfólks sem hefur víðtæka reynslu á útinámi, sem er góð viðbót við þá þekkingu sem er til staðar í leikskólanum.

### **Lokaorð**

Þar sem hugmyndafræðin byggir á því að útileiksvæðið taki sífelldum breytingum og hægt sé með lítilli fyrirhöfn og kostnaði að breyta svæðinu er nokkuð fyrirsjáanlegt að þróunarverkefnið verður eins og sagan endalaus, taki engan enda.

## Athugasemd

1. SAGE Gardens sf. thesagegarden.com er fyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í að endurbæta útisvæði í leik- og grunnskólum í samvinnu við börn, kennara/starfsfólk og foreldra. Fyrirtækinu stýrðu þau George Hollanders og Sarka Mrnakova.
2. Springztaad <http://www.springzaad.nl/> eru sjálfbóðaliðasamtök og vettvangur fyrir hönnuði og áhugafólk sem vilja stuðla að náttúrulegum útileiksvæðum.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Ebbeck, M. og Waniganayake, M. (2003). *Early childhood professionals: Leading today and tomorrow*. Sydney: MacLennan & Petty.

Inga María Ingvarsdóttir (2013). Sjálfbærnimenntun í leikskóla. *Uppeldi og menntun*. 22 (2), 125-130. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Leikskólinn Tjarnarsel. (e.d.). [https://www.facebook.com/pages/Leiksk%C3%B3linn Tjarnarsel/144586655714415?fref=ts](https://www.facebook.com/pages/Leiksk%C3%B3linn-Tjarnarsel/144586655714415?fref=ts)

Tjarnarsel. (e.d.). Þróunarverkefni. Sótt af <http://www.tjarnarsel.is/verkefni/askorun-og-aevintyri>

**Dagsetning: 6. febrúar 2015**

---

Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarsels

